

# Námsáætlun

## FÉLA3ab05 - vorönn 2021

### Kennari: Gunnar Hólmsteinn Escobar (gunnarh@fg.is)

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum afbrotafræðinnar
- afbrotaflokkum og tegundum refsinga
- helstu kenningum í afbrotafræði
- afleiðingum og kostnaði samfélaga vegna afbrota
- völdum rannsóknarniðurstöðum innan afbrotafræðinnar
- tengslum afbrotafræði við aðrar greinar félagsvísindanna

Leikniviðmið:Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita vinnubrögðum félagsvísinda
- miðla þekkingu sinni á fjölbreyttan og skipulegan hátt
- vinna með heimildir og að nota APA kerfið
- lesa og túlka fræðilegar rannsóknarniðurstöður
- afla upplýsinga sem tengjast afbrotum og geta greint þær

Hæfniviðmið:Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina eðli ólíkra afbrota sem er metið með verkefnum, prófum og munnlegri framsögn
- rökræða um málefni tengd afbrotafræði sem er metið með verkefnum,prófum og munnlegri framsögn
- leggja sitt af mörkum til að vinna gegn fordómafullri umræðu tengdri afbrotum á Íslandi sem er metið með verkefnum og munnlegri framsögn
- gera greinarmun á aðstæðum á Íslandi og erlendis sem er metið með verkefnum
- setja sig í spor frávika til að öðlast skilning á mismunandi aðstæðum fólks.

**Kennslugögn: Ljósrit úr Félagsfræði 2-Kenningar og samfélag, eftir Garðar Gíslason (kemur á námsnetið). Afbrot og íslenskt samfélag (2018) e. Helga Gunnlaugsson. Háskólaútgáfan gefur út. Greinar, myndbönd, og annað eftir þörfum og mögulegt að efni á enskri tungu komi fyrir.**

Vika ( fjöldi kennsludaga)	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. jan. ( 3 kennsludagar)	Hvað er afbrotafræði? Greinin sjálf, undirgreinar, frávíkshugtakið ofl (lesefni GG)		
02. 1.-5. mars (5 kd)	Hvað er afbrotafræði? Greinin sjálf, undirgreinar, frávíkshugtakið ofl (lesefni GG)		
03. 08-12. mars (5 kd)	Hvað er afbrotafræði? Greinin sjálf, undirgreinar, frávíkshugtakið ofl (lesefni GG)	Próf 1	Úrsagnareindagi 9. mars.

04. 15.-19 mars (4 kd)	Ritgerð hefst		Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars (5 kd)	Ritgerð hefst		Miðannarmat
29. mars-6. apríl	Jííííhaaa!		Páskafrí
06. 07.-09.apríl (3 kd)	Vændi		Miðannarmat
07. 12.-16. apríl (5 kd)	Afbrot og íslenskt samfélag		
08. 19.-23. apríl (4 kd)	Afbrot og íslenskt samfélag	Próf 2	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl (4 kd)	Afbrot og íslenskt samfélag		Námsmatsdagur 28.apríl
10. 03-07. maí (5 kd)	Afbrot og íslenskt samfélag		
11. 10.-14. maí (4 Kd)	Afbrot og íslenskt samfélag	Próf 3	Uppstigningardagur13. maí
12. 17.-18. maí (2 kd)	Afbrot og íslenskt samfélag		

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf 21. maí.

**Námsmat: Ekkert lokapróf er í áfanganum, en annars verður þetta svona:**

**Verkefni = 45%**

**Glæparitgerð = 15%**

**Hlutapróf (3) = 36% => eru í raun LOKAPRÓF úr því efni sem sett er fyrir.**

**Smiðja og ástundun = 4%**

**Smiðja: Mælt er með því að nemandi mæti að minnsta kosti 4x í smiðju yfir önnina.**

**Nemendur þurfa að lágmarki 5,0 í heildareinkunn til að standast áfangann.**

**LESIÐ ÞETTA VEL: Vinna í 5 eininga áfanga á að vera 90 til 120 klst. á önn. Þar af eru 36 til 56 klukkustundir fyrir utan skólastofuna (viðmið frá Menntamálaráðuneyti).**

Námsáætlun er birt með fyrirvara um einhverjar mögulegar breytingar, t.d. vegna atburða í samfélaginu.

Ekki er útilokað að um einhverjar rafræna tíma verði að ræða. Þeir verða þá auglýstir sérstaklega.